

Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar fimmtudaginn 05. mars 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Oddviti óskaði eftir heimild fundarins til að fella niður lið í útsendri dagskrá undir liðnum „Fundargerðir nefnda og ráða“ Fræðslu- og menningarnefnd 13.02.2009

Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 18.02.09 (*Lögð fram*).
- Landbúnaðarnefnd 26.02.2009.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir ánægju sinni yfir því að Landbúnaðarnefnd stuðli að auknu samstarfi við bændur varðandi veggirðingar – þar sem Vegagerðin hefur þegar svarað bréfum sveitarfélagsins varðandi þau mál á þann veg að ekki verði fjármagn til veggirðinga á áætlun þetta árið. Hreppsnefnd óskar eftir frekari uppl. frá nefndinni um kostnað við slíka framkvæmd.

Varðandi snjómokstur á Langnesvegi munu þau mál verða skoðuð og fulltrúa sveitarstjóra falið að ganga í þau mál og koma með tillögur

Fundargerð samþ.samhljóða

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Hafnarsamband Íslands – Fundargerð 318.fundar 16.01.09
- Eyþing – stjórnarfundur 202
- Eyþing – Fundur stjórnar Eyþings og þingmanna Norðausturkjördæmis

3. Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra.

Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra var lögð fram og svaraði hann fyrirspurnum hreppsnefndarfulltrúa.

4. Innsend erindi.

Til kynningar:

- Aðalfundur Lánasjóðs Sveitarfélaga ohf.
Ákveðið að senda engan fulltrúa frá Langanesbyggð að þessu sinni
Samþ.samhljóða
- Fundur um vegaskrá 25.febrúar minnisblað.
 - *Fram kemur að um 1.000 km af tengivegum færast nú í flokk héraðsvega. Þetta felur í sér að kostnaður vegna snjómoksturs fellur að öllu leiti á Langanesbyggð en viðhald verður áfram á höndum vegagerðarinnar. Um er að ræða tvo tengivegi í Langanesbyggð. Frá flugvallaraleggjara að Sauðanesi (4,2 km) og frá þjóðvegi að Hallgilsstöðum (1,2 km) Hreppsnefnd Langanesbyggðar vill koma því á framsæri að viðhald verði aukið og réttur til helmingamoksturs fylgi, enda hefur viðhaldi til þessara tengivega verið ábótavant og veldur í mörgum tilfellum auknum kostnaði við snjómokstur en ef við eðlilegt ástand vega. Fulltrúa sveitastjóra falið að koma því áleiðis til hlutadeigandi aðila.*
Samþykkt með 5 atkvæðum – Sigurður J.Jónsson sat hjá.

Jóhanna Helgadóttir

- Héraðssamband Þingeyinga – Framlag í Aksturssjóð HSB

Erindinu vísað til ÍTN til umsagnar en bent er á að ekki er gert ráð fyrir þessum lið í fjárhagsáætlun
Til afgreiðslu

- **Nefnd Káttra Daga.** – greiðslur fyrir fundarsetu
Hreppsnefnd hafnar því að greitt verði fyrir fundarsetu í nefnd káttra daga, en bendir á að fulltrúi nefndarinnar á Bakkafirði geti nýtt sér bifreið Langanesbyggðar á Bakkafirði.
- **Nefnd Káttra Daga – niðurfelling skuldar .**

Samþykkt að skuld Káttra daga 2008 verði felld niður og muni ekki koma niður á framlögum til hátíðarinnar eða til æskulýðs- og menningarmála á árinu 2009

- **Nefnd Káttra Daga – Framlag til káttra daga 2009.**

Samþykkt að veita Kátudaganefnd framlag uppá 150.000 kr. til kynningarmála, enda sé gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Einnig samþykkt að nefndin fái endurgjaldslaus afnot af mannvirkjum sveitarfélagsins yfir hátíðarhelgina sem og aðstoð starfsmanna áhaldahúss með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár. Formanni nefndarinnar falið að vera í sambandi við viðkomandi umsjónarmenn varðandi þau afnot.

- **Jón Friðrik Sigurðsson .** – Aðstoð við kaup á malbikunarstöð

Fulltrúa sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

- **Bakkavegur 5 – Steinunn Leósdóttir**

Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar og afgreiðslu á lokuðum fundi sem hefst strax að afloknum reglulegum fundi hreppsnefndar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:16

Steinunn Leósdóttir
Ami Dan Einarsson
Ragnar Jónsson
Jóhanna Helgadóttir
Siggeir J.

B.B.